

**Stjórnarfundur** í félagi sumarhúsaeigenda í Hvammi haldinn á Amokka, Borgartúni, þriðjudaginn 8. des. kl. 17:15

**Mættir:** Birgir Benediktsson, Bárður Sigurgeirsson, Alexander Edvardsson, Andri Árnason, Björn Magnússon, Guðjón Jensson,

**1. Kostnaður v heimasíðu.** Kostnaður á ári er áætlaður 8.000. Sett hefur verið upp veðurstöð í Hvammi sem sendir reglulega upplýsingar um hitastig o.fl. á heimsíðuna. Stöðin er í einkaeigu og ber félagið engan kostnað af rekstri hennar.

Senda bréf til félagsmanna og upplýsa þá um heimasíðu og óska eftir tölvupóstföngum. Benda á fundargerð frá aðalfundi.

**2. Öryggisnúmer sumarbústaða.** Benda sumarhúsaeigendum á að gert hefur verið samkomulag við Loftmyndir ehf um útgáfu öryggisnúmera. Slík númer eru skráð hjá Neyðarlínunni með hnitum sumarbústaðar og þannig tryggt að hjálp fæst á stysta mögulega tíma ef neyð ber að garði. Stjórnin bendir félagsmönnum á tengilinn hér að neðan.

[http://3w.loftmyndir.is/index.php?option=com\\_content&task=view&id=148&Itemid=118](http://3w.loftmyndir.is/index.php?option=com_content&task=view&id=148&Itemid=118).

**3. Búið að loka vegum niður að vatni.** Staurar settir niður með keðju. Hjá formanni kom eftirfarandi fram:

“Samkvæmt stjórnarfundum þann 19. október var samþykkt að loka vegaslóðunum sem liggja niður að vatninu, bæði vestast og austast í Hvammslandinu.

Eins og sést á myndum sem birtara hafa verið á heimasíðu er um að ræða staura og keðju á milli. Keðjan er læst öðrumegin með talnalás. Tölurnar sem þarf til að opna lásana fást uppgefnar hjá stjórnarmönnum félagsins. Ástæða þess að þetta er gert, er m.a. ósk Slökkviliðs Borgarfjarðar og að þarna sé ekki óæskileg umferð. Þetta er semsagt öryggisatriði. Þessir vegaslóðar eru eingöngu hugsaðir sem göngustígar og síðan aðgengi fyrir slökkvilið, þegar það þarf á að halda. Undantekning er gerð þegar eigendur sumarbústaða þurfa að fara með báta eða vinnuvélar niður að vatninu.”

**4. Ruslagámur.** Laga núverandi stæði, alltaf vatn við gáminn og nú klaki og ísing. Einnig myndast hvörf í veginn. Er alfarið á könnu eiganda jarðarinnar. BS ætlar að ræða við Grétar Berndtsen fulltrúa eigenda og óska eftir úrbótum. Vantar dren og 1-2 bíla af líparíti.


**5. Lög um frístundabyggð.** Skv. Lögnum skv. er skylduaðild að sumarhúsafélögum og heimild að krefja félagsmenn um greiðslur. Þessu hefur

ekki verið fylgt eftir ennþá, þannig að ekkert hefur verið aðhafst ef lóðaeigendur kjósa að greiða ekki árgjaldið. Einhugur var meðal stjórnamanna að fylgja innheimtu fastar eftir í framtíðinni. Tilkynna félagsmönnum með bréfi um þetta.

**6. Skyldur eigenda fleiri en einnar lóðar.** Skv samþykkt aðalfundar þá skal eingöngu greiða eitt gjald fyrir aðliggjandi lóðir séu þær óbyggðar eða einungis byggt eitt hús á annarri lóðinni. Séu byggð fleiri en eitt sumarhús skal greiða af hverju sumarhúsi. Stjórnin staðfestir þennan skilning einróma.

**7. Staða í vatns- og stígamálum.** Ekki hefur mikið gerst frá síðasta fundi. Ljóst að tengsl við nýja vatnsveitu verða ekki komin fyrir sumarið 2010. Huga þarf að varaplani ef vatnslaustverð, eins og t.d. að fylla á tanknana með vatnsbíl.

Rætt um sameiginlegt svæði. Hér er um að ræða græna svæðið sem sjá má austast á kortinu hér að neðan og er merkt með grænum lit. Hér er um svæði seme rætlað sems sameiginlegt útivistarsvæði fyrir almenning og að þar geti þeir sem ekki eiga lóð að vatninu haft aðstöðu fyrir báta.



8. Önnur mál. Ekkert var tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira ekki gert.

Bárður Sigurgeirsson